

Bekkjarnámskrá Íslenska – 8. bekkur Skólaárið 2023-2024



Kennari: Friðgerður R. Auðunsdóttir og Heiðrún Þórðardóttir
Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku.

Markmið – hvað ætlum við að læra?

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lögð verður áhersla á að útskýra og koma nemendum í skilning um af hverju íslenskt málaumhverfi skiptir máli. Íslenska er grunnur að öllu námi nemandans. Nemendum verða kenndar aðferðir og námstækni í lestri og ritun. Áhersla verður á orðarýni í ýmsum útfærslum og á gagnvirknan lestur. Nemendur þurfa að beita þessum aðferðum í öðrum námsgreinum og sýna fram á hæfni til þess að nota þær við ólíkar aðstæður í námi.

Lestur er eitt öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Áhersla verður á lestur bókmennta og annars lesefnis. Lestur og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélag. Nemendur fá þjálfun og æfingu í því að tjá sig í ræðu og riti. Lögð verður áhersla á það að nemendur skoði og yfirfari sinn eigin ritaða texta út frá þeim málfræði- og stafsetningarreglum sem nemendur eiga að kunna skil á. Einnig verður haldið áfram að byggja ofan á þá þekkingu sem þegar er til staðar í málfræði og stafsetningu.

Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur er mikilvægur í því samhengi hvaðan við komum og hvert við erum að fara. Leitast verður við að leggja áherslu á þann menningararf í tengslum við skilning á því af hverjum við erum að læra það sem við lærum í íslensku.

Unnið verður með fjóra færniþætti íslensk máls:

- Talað mál, hlustun og áhorf
- Lestur og bókmenntir
- Ritun

- Málfræði

Námsefni

Kveikjur lesbók og vinnubók.

Sérðu það sem ég sé ?

Málvísir – handbók um málfræði.

Skrifinnur bók um stafsetningu og greinarmerki.

Bragfræði.

Brennu – Njálssaga.

Smásagnasmáræði.

Málið í mark – Sagnorð.

Ljósritað efni.

Fjölmiðlar og netmiðlar.

Vertu ósýnilegur

Kennsluhættir

Innlögn kennara,

Umræður,

Einstaklingsvinna,

Hlustun,

Para- og hópavinna,

Próf og verkefni.

Kennsla fer fram á íslensku.

Námsmat

Verkefni, einstaklings og hópa.

Ritun.

Málfræðipróf.

Skrifleg próf.

Lesskilningspróf.

Tímavinna.

Heimavinna.

Frágangur á verkefnum og verkefnaskil í tíma.

Hæfniviðmið – námsþættir

Talað mál, hlustun og áhorf

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.
- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.

Lestur og bókmenntir

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.
- Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi.

- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því.
- Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.
- Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa

Ritun

- Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær.
- Beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og færð rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.
- Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.

Málfræði

- Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.
- Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.
- Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.
- Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.

- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.

Bekkjarnámskrá Stærðfræði – 8. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Ólöf Ögn Ólafsdóttir og Jón Berg Reynisson
Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið – hvað ætlum við að læra?

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Námsefni

Skali 1A og 1B nemendabækur, Almenn stærðfræði og æfingahefti. Ýmiss tilfallandi verkefni frá kennurum.

Kennsluhættir

Innlögn kennara, æfingatímar, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna.
Próf og verkefni.

Námsmat

Skrifleg próf, verkefni og sjálfsmat, dæmaskammtar.

Hæfniviðmið – námsþættir

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Greint á milli skilgreininga og setninga, milli einstakra tilvika og alhæfinga. Getur nýtt þá þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök, um tilgang og takmörk þeirra.
- Fundið, sett fram og afmarkað stærðfræðiþrautir bæði í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar. lagt mat á lausnirnar, m.a. með það að markmiði að alhæfa út frá þeim.
- Sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit,

jöfnur og föll.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Sett fram og notað mismunandi framsetningu sama fyrirbæris, hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi.
- Lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess.
- Tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst.
- Lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar.
- Nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir raunverulegum fyrirbrigðum, m.a. með notkun tölvutækni og gert sér grein fyrir hvenær slíkt er gagnlegt og við hæfi.
- Undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni.

Tölur og reikningur

- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Notað sætiskerfisrithátt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann.
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.
- Gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.

Algebra

- Unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum.

- Leyst jöfnur og einfaldarójöfnur, leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð.

Rúmfræði og mælingar

- Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma.
- Mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu.
- Teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum.
- Notað mælikvarða og unnið með einslaga form, útskýrt setningu Pýþagórasar og reglu um hornasummu í marghyrningi og beitt henni í margvíslegu samhengi. Einnig gert rannsóknir á rétthyrndum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum.

Tölfræði og líkindi

- Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn.
- Framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar.
- Skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim.
- Lesið, skilið og lagt mat á upplýsingar um líkindi sem birtar eru á formi tölfræði, t.d. í fjölmiðlum.

Bekkjarnámskrá Náttúrugreinar – 8. bekkur

Skólaárið 2023-2024



Kennari: Friðgerður R. Auðunsdóttir og Heiðrún Þórðardóttir

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Markmið

“Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Nám í náttúrugreinum stuðlar að því að nemendur viti hvað þeir vita og hvað þeir geta og hvernig best er að beita vitneskju sinni, þekkingu og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það.

...Áhersla er lögð á að nemendur séu vísindalæsir, í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins fyrir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manna og náttúru.

...Nám í náttúrugreinum á að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendur þurfa að geta tekið þátt í mótun umhverfis síns með ýmsum leiðum. Fá tækifæri til að kanna, hanna og framkvæma hugmyndir í þágu samfélagsins og prófa leiðir til upplýsingaöflunar og úrvinnslu” (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls.167 og 168).

Námsefni

Lífheimurinn

Eðlisfræði 1 og 2

Stjörnufræðivefurinn

Náttúra til framtíðar

Aukaefni og annað efni af netinu

Kennsluhættir

Fjölbreyttar kennsluaðferðir:

Hópavinna – samvinnunám

Hugtakavinna

Verklegar æfingar

Verkefnamöppur

Námsmat

Þátttaka og virkni í umræðum og tímum

Vinumappa

Hópaverkefni og smærri verkefni sem safnað er saman í vinnu möppu

Símat

Skýrslur

Hæfniviðmið – námsþættir

Geta til aðgerða

- Greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni.
- Tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvísst og flókið.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif.

- Dregið upp mynd af því hvernig menntun, þjálfun, starfsval og áætlanir um eigið líf tengjast breytingum á umhverfi og tækni.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt.
- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins.
- Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað.

Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.
- Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum.

Ábyrgð á umhverfinu

- Rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi.
- Tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta.
- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því.

Að búa á jörðinni

- Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar.
- Gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu.
- Útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframléiðslu.
- Rætt notkun gervihnatta í samskiptum manna, rannsóknir og álitamál þeim tengdum.

- Útskýrt árstíðarbundið veðurlag og loftlagsbreytingar, ástæður og afleiðinga.

Lífsskilyrði manna

- Rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni vantsnotkun og sjó.
- Lýst hringrás efna, flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra.

Náttúra Íslands

- Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.
- Útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika.
- Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.
- Lýst ólíkum leiðum, framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi.
- Útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum.

Heilbrigði umhverfisins

- Gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun
- Rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.

- Útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns.
- Útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum.

Bekkjarnámskrá Samfélagsreinar – 8. bekkur Skólaárið 2023-2024



Kennari: Friðgerður R. Auðunsdóttir og Heiðrún Þórðardóttir
Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku.

Markmið – hvað ætlum við að læra?

Undir samheiti samfélagsgreina er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnin hátt. Þær eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Samfélagsgreinum er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu í krafti skynsemi sinnar og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi. Samfélagsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, með því að útskýra hvernig þessi gæði leiða til margvíslegra skyldna, réttinda og gilda, sem órofa hluti af félagslegum og siðferðilegum veruleika okkar. Dæmi um slík gæði eru réttlæti, þekking, frelsi, vinátta, virðing og ábyrgð. Markmið þeirra er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Einnig að nemendur tileinki sér réttisýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

- Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.
- Áherslur 8. bekkjar eru fjölskyldur – ábyrgð, vinátta, ást og rómantísk sambönd, umburðarlyndi og virðing, fordómar, kynferði og gildi og

kynferði.

Unicef

Háaleitisskóli er réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools), sem er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks.

- Haustönn vinnum við verkefnið Bekkjarsjáttamáli
- Á vorönn vinnum við UNICEF verkefnið *Hvað langar þig að læra?*

Námsefni

- Á ferð um samfélagið, kaflar 7, 9 og 11
- Fólk á flóttu
- Barnasáttmálinn
- Kompás – Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk
- UNICEF verkefnið *Hvað langar þig að læra?*
- Fyrstu samfélög – þemahefti
- Um víða veröld – Heimsálfur
- Um víða veröld – Jörðin, kaflar um Auðlindir og orku, búsetu og skipulag
- Trúarbragðavefurinn

Kennsluhættir

- Innlögn kennara,
- Umræður,
- Einstaklingsvinna,
- Hlustun,
- Hópa vinna,
- Verkefnamöppur,
- Áhorf á heimildarmyndir.

Námsmat

- Verkefni, einstaklings og hópa.
- Vinnumappa sem inniheldur glósur, uppsetningu og frágang á verkefnum.
- Símat.

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlægs lífs.
- Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars.
- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Greint mynstur manlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum.
- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.
- Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.
- Rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.

- Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.
- Sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf.
- Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.
- Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.
- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.
- Greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.
- Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.
- Greint áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.
- Bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysgildrum í umhverfinu og náttúrunni.
- Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.
- Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.
- Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagsshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.
- Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
- Sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákni kristni og annarra helstu trúarbragða heims.
- Útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.

Hugarheimur – Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
- Sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Rökrætt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.
- Lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.

Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.
- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.
- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttsýnan hátt.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra

Bekkjarnámskrá Enska – 8. bekkur
Skólaárið 2023 - 2024



Kennari: Pétur Rúðrik Guðmundsson
Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku.

Markmið – hvað ætlum við að læra?

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Námsefni

Spotlight 8 Textbook/workbook

Frjálslestrarbækur

Annað efni (dagblöð, tímarit og efni á netmiðlum, ýmis verkefni frá kennara, bækur, kvikmyndir/þættir, tónlist, tölvuforrit o.fl.)

Kennsluhættir

Innlögn kennara

Umræður

Einstaklingsvinna

Hlustun

Para- og hópavinna

Próf og verkefni

Námsmat

Verkefni, einstaklings og hópa.

Ritun

Hlustunarpróf

Málfræðipróf

Skrifleg próf

Lesskilningspróf

Rafræn skilaverkefni

Frágangur á verkefnum og verkefnaskil í tíma.

Hæfniviðmið – námsþættir

Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.

Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.

Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.

Frásögn

- Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun

- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.
- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.

Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.

Námshæfni

- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

Bekkjarnámskrá Danska – 8. bekkur
Skólaárið 2023 - 2024



Kennari: Jón Ragnar Magnússon
Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku.

Markmið – hvað ætlum við að læra?

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Námsefni

Smart lesbók og vinnubók.

Málfræðihefti.

Valið efni úr Grammatik.

Kvikmyndir, myndbönd og tónlist.

Valið útprentað efni frá kennara.

Kennsluhættir

Innlagnir frá kennara, einstaklings, para og hópaverkefni.

Námsmat

Leiðsagnarmat, símat og jafningjamat. Ritun, tímaverkefni, hlustunarpróf, sagnapróf og lesskilningspróf.

Hæfniviðmið – námsþættir

Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Lesskilningur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi t.d af myndum.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra.
- Skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.
- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- Skipt á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.

Frásögn

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.

- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- Lesið upp sögu eða texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.
- Samið stuttan texta með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.

Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.
- Þekkir daglegt líf íbúa og aðstæður.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.
- Þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra svæða.
- Sýnt fram á þekkingu á einkennum barna- og unglíngamenninu á viðkomandi málsvæði, s.s söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.

Námshæfni

- Beitt lyklnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.

- Sett sér raunhæf markmið og skipulagt sig á markvissan hátt.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.

Bekkjarnámskrá Skólaíþróttir – 8. bekkur Skólaárið 2023-2024



Kennari: Frans Elvarsson, Jón Ragnar Magnússon
Tímafjöldi: 2 kennslustundir í viku

Markmið –

Markmið er að halda áfram að örva hreyfiþroska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Kenna þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttar eða líkamns og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluhættir

Námið fer að miklu leyti fram með þrek og styrktaræfingum, þar sem nemendur læra að efla þol og styrk með einföldum en árangursríkum hætti. Auk þess er lögð áhersla á grunnatriðið í flestum íþróttagreinum sem og stöðvarþjálfun og útihlaup.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.
- Nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.
- Sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu.
- Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- Gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu.

Félagslegir þættir

- Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.
- Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþrótt.
- Rætt kynheilbrigði, kyn-og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.

Heilsa og efling þekkingar

- Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.
- Sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.
- Rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra.
- Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.

Öryggis og skipulagsleglur

- Tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.

Bekkjarnámskrá Sund – 8. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Katrín Sigurbergsdóttir
Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Markmið – hvað ætlum við að læra?

Læra allar helstu sundaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

Kennsluhættir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Nemendur æfa sig í að synda langsund til að efla þol. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.
Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 8. sundstigi.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Unnið eftir 8. sundstigi.
- Synt 50 m skólabaksund.
- Troða marvaða í 1 mín.
- Synt 400 m með frjálstri aðferð viðstöðulaust.
- Synt 50 m bringusund (tímataka)
- Syndu 8 m í kafi að hlut á botni laugar (allt að 2 m dýpi). Syndu til baka (ekki í kafi). Æfing endurtekin eftir 10 sek.

- Synt 75 m skriðsund.
- Synt 25 m skriðsund (tímataka)

Öryggis og skipulagsreglur

- Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni.
- Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta leið.

Bekkjarnámskrá Upplýsingatækni – 8. bekkur
Skólaárið 2023-2024



Kennari: Jovana Dedeic

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

Markmið – hvað ætlum við að læra?

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns og aðstoðar í verkefnavinnu, við nám og sér til ánægju
- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og fara eftir reglum um netnotkun
- nýtt sér hugbúnað/forrit til að vinna með töluleg gögn, gera ritunarverkefni, við myndvinnslu og til að miðla þekkingu
- nýtt sér forritun á ýmsan hátt
- beitt réttri fingrasetningu

Námsefni

Ritvinnla, glærugerð og forritun

Kennsluhættir

Innlögn frá kennara

Sjálfstæð vinna og paravinna

Námsmat

Mat á vekefnum

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
- Beitt réttri fingrasetningu.

- Unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
- Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.

Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
- Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.

Sköpun og miðlun

- Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.
- Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.